

Nd.

614. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1913.

Frá minni hluta nefndarinnar, þm. Dalam. og 1. þingm. Eyf.

1. Við 8. gr. Þá grein skal orða svo :

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, en 14 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land alt í einu lagi.

Þeir þingmenn eiga allir sæti í efri deild, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, og auk þeirra 8 þingmenn, sem sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, sem kosnir eru óhlutbundnum kosningum. Hinir eiga sæti í neðri deild.

2. Við 10. gr. Í stað »40« í 2. línu að neðan á bls. 2 komi: 30.

Til vara: 35.

3. Við 10. gr. Í stað »39« í 1. línu að ofan á bls. 3 komi: 29.

Til vara: 34